

MARGIT SANDEMO



SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Draugahöllin

7



MARGIT SANDEMO

SAGAN
UM

Ísfólkið

Draugahöllin 7



Draugahöllin

Sagan um Ísfólkið 7
Draugahöllin

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Nemesis“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-026-4

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

Ísfólkið

Afkomendur Pengils hins illa, um árið 1200



1

EFTIR ANDLÁT Kristjáns konungs urðu tímarnir erfiðari hjá börnum þeirra Kirstenar Munk.

Hann hafði verið svo hugulsamur að gifta dæturnar mönnum sem stefndu til æðstu metorða í ríkinu. Elstu dótturina, Önnu Katrínu, hafði hann lofað Franz Rantzau, sem hann gerði að ríkishirðstjóra. Þau náðu ekki einu sinni að gifta sig áður en þau létust bæði, í blóma lífsins.

Næstelstu dótturina, hina fráhrindandi Soffíu Elísabetu, hafði hann gift Christian von Pentz, héraðshöfðingja, staðarhaldara og amtmanni. Hann gæti kallast utanríkisráðherra... ef slík nafnbót hefði verið til þá.

Leonóra Kristín fékk þann merkilegasta og metorðasæknasta þeirra allra, Corfitz Ulfeldt, nú hirðstjóra og æðstan ríkisstarfsmanna. Þess vegna hafði Leonóra Kristín nú um árabíl verið tignasta kona ríkisins.

Elísabet Ágústa eignaðist Hans nokkurn Lindenov sem með árunum reyndist ekkert hafa til brunns að bera.

Kristjana var öllu heppnari. Hún giftist Hannibal Sehested, sem varð virtur héraðsstjóri í Noregi.

Heiðveig giftist lénsmanninum á Borgundarhólma, Ebbe Ulfeldt. Hann fékk að finna fyrir því að vera maður dóttur Kirstenar Munk.

Hannibal Sehested lét eitt sinn orð falla um Kristjönu konu sína og systur hennar: *Þær eru allar fjandans forynjur. Konuna mína og önnur afsprengi Kirstenar Munk ætti skrattinn að hirða.*

Allar systurnar litu á sig sem aðalinn í Danmörku en svo settist hálfbróðir þeirra, Friðrik III, í hásætið og við hlið hans barnunga drottningin Soffía Amalía.

Friðrik tók ærlega til við hirðina. Fyrstur fékk Christian von Pentz að fjúka. Hann hafði lent upp á kant við Friðrik mjög ungan og þegar Friðrik varð konungur rak hann von Pentz og bannaði honum að láta sjá sig við hirðina.

Næst kom röðin að Ebbe Ulfeldt. Rannsókn fór fram á því hvernig hann stæði sig sem lénsmaður og í ljós kom að hann kúgaði bændurna og beitti þá grófu harðræði. Hann var líka rekinn.

Eins og það nægði ekki var öllum dætrum Kirstenar Munk bannað að kalla sig greifynjur... og bannað líka að koma akandi að höllinni í vagni. Það voru forréttindi æðstu kvenna ríkisins.

Dæturnar reiddust, Kirsten Munk reiddist og amman, Ellen Marsvin, sem hafði verið svartklædd síðan Kristján IV lést, tautaði líka sitthvað í barminn. Hún lést 1649 og slapp þar með við fleiri auðmýkingar dótturdætra sinna.

Líklega fór Leonóra Kristín verst út úr þessum hreinsunum. Í fyrsta lagi var hún kona Corfitz Ulfeldt, sem með leynd barðist við nýja konunginn um að stjórna landinu. Í öðru lagi börðust þær Soffía Amalía af Braunschweig beinlínis um það hvor væri æðsta kona ríkisins. Sú orrusta stóð allt þar til hún lést, köld og bitur.

Konungur vildi losna við Ulfeldt en fyrst ákvað hann að sjá fyrir Hannibal Sehested sem eiginlega var maður konungs. Það var ríkisráðið sem vildi koma honum úr embætti héraðsstjóra í Noregi. Þegar í ljós kom að hann var orðinn eigandi 16. hluta stórjarða Noregs og ótal námuvinnslufyrirtækja og að háir skattar sem hefðu átt að renna til danska ríkisins höfðu farið beint í vasa Sehested var ómögulegt fyrir konung að láta sem ekkert væri.

Þar með lauk framaferli Hannibals Sehested.

Hins vegar var Ulfeldt stærsti þyrnirinn í auga Friðriks konungs.

Hið sama átti við um Leonóru Kristínu og drottninguna ungu.

Í JANÚAR 1649 KOM Leonóra Kristín í heimsókn til Cesilju Paladin.

Konungsdóttirin var í uppnámi og gat ekki með nokkru móti setið kyrr.

–Þessi þýska kvensa! fussaði hún og átti við Soffíu Amalíu. – Hún gerir allt til að lítillækka mig. Enn hefur þó minn ástkæri eiginmaður tromp í bakhendinni. Hann fer bráðum til Niðurlanda og gerir þar samninga sem sanna munu þjóðinni og konungshjónunum hver er skynsamastur og hæfastur til að stjórna.

–Ákvað ríkisráðið að senda hann?

–Ríkisráðið? Hirðstjóri á borð Corfitz þarf ekki að ráðgast við neinn. Auðvitað fer ég með honum, ásamt háttsettu fylgdarliði. Þess vegna kom ég til þín, markgreifynja. Þú hefur alltaf verið mér holl. Maðurinn minn þarf einkahirðsvein sem alltaf er honum til taks. Maður treystir svo fáum nú orðið, eftir að sú þýska fór að ráðskast. Okkur datt Þráinn, sonur þinn í hug. Hann kann alla hirðsiði og er *sérlega* frambærilegur...

Ótal hugsanir flugu um huga Cesilju. Hana langaði ekki hið minnsta til að lána son sinn í þessa tvísýnu ferð. Hún vildi ekki blanda fjölskyldunni í ágreining konungs og hirðstjóra... eða eiginkvenna þeirra. Á hinn bóginn hafði hún annast Leonóru Kristínu nánast frá fæðingu...

Cesilja var hlutlaus í deilum Leonóru Kristínar og drottningar. Báðar voru konurnar greindar og vel menntaðar. Leonóra Kristín var auk þess falleg, aðlaðandi og heimsvön, en drottningin hafði yndisþokka æskunnar til að bera, auk stöðunnar. Braunschweig–Lüneburg ættin var almennt talin gáfuð, framtakssöm og fylgin sér... og þar var Soffía Amalía engin undantekning. Að hún var líka óvægin og afar þrjúsk,

bætti ekki úr skák. Leonóra Kristín gat líka verið grimm í orðum þegar hún vildi og ósamkomulag kvennanna var orðið næsta alvarlegt.

Ef aðeins hefði verið um að ræða Leonóru Kristínu hefði Cesilja lítið haft á móti því að senda Þráin til Niðurlanda. En til að þjóna Corfitz Ulfeldt... Cesilja þoldi alls ekki manninn. Vissulega var hann glæsilegur og í metum hjá þjóðinni... um sinn... en hann var líka hrokafullur og sjálfsselskur og ekki beint traustur í öllu sem hann gerði. Hann stundaði sjálftöku þegar honum sýndist og slíkt gat sett Þráin í erfiða stöðu gagnvart konungsfjölskyldunni. Alexander myndi aldrei leyfa það og hún skildi það vel.

Bara að Alexander hefði verið heima. Hann var einhvers staðar úti á landareigninni.

Áður en hún náði að hugsa meira svaraði hún næstum að bragði og kannski vanhugsað:

–Æ, yðar tign (Leonóra Kristín vildi láta kalla sig það), mikið er það leiðinlegt. Auðvitað er mikill heiður að syni okkar skuli boðið að ferðast með manninum þínum en Þráinn er því miður upptekinn. Hann er búinn að lofa sér til mágkonu minnar á Jótlandi í nokkra mánuði. Hún býr ein og er fótbrotin og hjálparvana. Hún á enga aðra ættingja að leita til. Við getum ekki tekið það loforð aftur núna.

Leonóra Kristín varð súr á svip og lét fáein orð falla um að það væri leitt að fá ekki Þráin en Cesilja vonaði bara að konungsdóttirin mætti ekki feðgunum þegar hún færi.

Þráinn var afar vonsvikinn þegar þeir Alexander komu inn nokkru síðar.

–En mamma! Þú hindrar mig í að fara til Niðurlanda og sjá eitthvað af heiminum... þetta er merkileg ferð.

Cesilja virti soninn fyrir sér. Hann var svo fallegur, 21 árs. Gljásvalt, axlasítt hár og þvertoppur umkringdu vel meitlað

andlitið. Konur við hirðina gáfu honum hýrt auga og þess vegna hafði Cesilja ekkert á móti því að hann skryppi burt um tíma. Hún vildi ekki að hann lenti í klónum á ævintýragjörnum hirðdömmum. Enn virtist hann þó lítið vita af þessu, hann hugsaði bara um frama sinn í hernum og fyrirmyndin var faðir hans.

–Svo á ég að fara til Úrsúlu frænku, kvartaði Þráinn. –Hún er svo ströng, skipar mér fyrir og lætur eins og ég sé tólf ára.

–Þetta var alveg rétt hjá mömmu þinni, sagði Alexander stuttur í spuna. –Það er hættulegt fyrir þig að blandast í metorðastríð konungs og hirðstjóra. Ulfeldt fer líka í óþökk ríkisráðsins. Þú þarft heldur ekki að vera lengi á Jótlandi. Segjum tvo mánuði.

–Tvo mánuði? Það er sóun á besta hluta ævi minnar!

–Ojæja. Alexander brosti. –Ætli þú náir ekki að gera eitt og annað eftir það.

Þráinn vildi helst svara að þá yrði hann orðin gamall en vissi ekki hversu langt hann gæti gengið áður en pabbi hans reiddist. Hann þagði því og tók þessum beisku örlögum.

–Er Úrsúla frænka fótbrotin í *alvöru*?

–Ég veit það ekki, svaraði Cesilja glettnislega. –Ég varð að finna upp á einhverju.

–Ég verð þá að bregða fæti fyrir hana ef Ulfeldt skyldi senda út njósnara.

–Það held ég varla, sagði Alexander. –Þú mátt ekki ofmeta þýðingu þína.

–Það er ekki hægt, sagði Þráinn og brosti breitt.

LEONÓRA KRISTÍN hafði komið til Gabríelshúss í janúarlok. Þráinn fékk hins vegar svo slæma flensu að hann komst ekki til Jótlands fyrr en í byrjun mars. Þá var hinn fríði flokkur farinn til Niðurlanda svo þau gátu andað léttar. Þráinn varð hins vegar

að fara... til öryggis ef einhver skyldi spyrja. Honum til léttis þurfti hann þó ekki að dvelja nema hálfan mánuð í stað tveggja.

Það var Úrsúlu óvænt ánægja að fá hinn myndarlega bróðurson sinn í heimsókn.

–Þráinn! En gaman! Þú kemur alveg mátulega í héraðsveisluna. Þú ert svo langur að þú getur fest skrautið í ljósakrónuna. Gættu þín bara á því að kristallarnir eru sumir lausir. Hér er stigi.

Þráinn gekk til verksins og þjónustustúlkurnar þískruðu í hrifningu og unnu sín verk af enn meiri ákafa.

–En þau vandræði, kallaði svo frænka upp til hans. –Ég þarf að fara til Ribe á morgun og ganga frá reiðum mannsins míns sáluga! Í ljós er komið að maðurinn sem ég fól það hefur svikið mig gróflega.

Þráinn öfundaði næstum eiginmanninn af því að hafa losnað undan stöðugu nöldrinu.

–Æ, það var leitt, sagði hann og vonaði að tónninn væri við hæfi. –Að þú þurfir að fara núna og í svo leiðum erindum. Vonandi tapaðirðu ekki miklu.

–Nei, þú erfir samt nóg, sagði hún þurrlega. Það var að vísu grín því hún vissi að Þráinn hafði engan áhuga á ríkidæmi. Það á oft við um fólk sem aldrei hefur kynnst fátækt. –Ég er bara að hugsa um þig sem komst alla þessa leið til einskis...

–Hugsaðu ekki um mig, Úrsúla frænka. –Ég var mikið veikur og sendur hingað mér til heilsubótar. Ég get séð um mig sjálfur, það má ég aldrei heima, mér er þeytt fram og aftur.

–Hvernig er það með þig? Hefurðu ekki hugsað þér að eignast kærustu? spurði frænkan hissa án þess að finna broddinn í orðum hans.

–Nei, ég slepp við það, aðrir hugsa fyrir mig. Þetta var fjandi þrjósk skrautræma, hún vildi ekki...

–Þráinn! hrópaði Úrsúla hjáróma. –Maður blótar ekki í mínum

húsum!

Hann leit hissa niður og missti næstum jafnvægið. –Blótaði ég?

–Já, þú gerðir það! Hún stafaði hvíslandi hið skelfilega orð: –F–
J–A–N–D–I.

–Er það blótsyrði? Mér finnst það bara fjandi gott orð...
afsakaðu, ég sagði það aftur. Ég reyni að hemja mig svo ég
saurgi ekki húsið með svona formælingum. Hvenær kemurðu
aftur?

–Ég veit það ekki, þetta gæti tekið tíma en ég reyni að koma
áður en þú ferð.

–Það er óþarfi, gefðu þér þann tíma sem þarf. Svona málum
þarf að sinna af fullri alvöru.

–En ég er nýbúin að endurnýja þjónustuliðið hér, það var orðið
of gamalt, og ég veit ekki hvort þú færð sómasamlegan
viðurgerning.

–Það gengur eflaust allt vel, svaraði Þráinn og leit niður til
stofustúlknanna. Þær flissuðu af ánægju.

Úrsúla tók ekkert eftir því. –Hvað um foreldra þína? Ég geri
ráð fyrir að þú hafir átt að skila kveðju.

–Auðvitað, ég gleymi alltaf slíku. Pabbi er farinn að rækta
vínþrúgur en það gengur illa og mamma reynir að máta hann
ekki nema einu sinni í viku... í tafla, meina ég. Mamma er alltaf
jafnung þótt hún sé 47 ára. Er pabbi ekki 54?

–Jú, það er rétt. Hann var litli bróðirinn sem ég passaði alltaf.

Hún varð hugsí og Þráinn setti upp alvörusvip.

–Þau eru svo hamingjusöm, frænka. –Ég vona bara að ég lendi
í svona góðu hjónabandi.

–Já, sagði frænkan annars hugsar. –Mamma þín er alveg
einstök kona. Hún hefur gert meira fyrir Alexander en nokkurn
grunar.

–Mamma? sagði hann hissa og var aftur nær dottinn úr
stiganum. –Ég hélt að hann hefði togað hana upp tignarstigann

með því að giftast henni. Hún var ekki af neinum háaðli.

Úrsúla andvarpaði. –Þú veist bara ekki... nei, flýttu þér að þessu og festu það í ljósakrónuna. Það má ekki hanga svona slakt þvert yfir skálann.

–Ja... Þráinn hló. –Hver veit nema einhvern langi til að sippa?

Eftir síðbúinn morgunmat tók hann sér frí frá spurningum frænku og vinnunni við undirbúning veislunnar og skrapp á hestbak til að kanna umhverfið.

Honum hafði alltaf fundist einkar fallett umhverfis herragarð Úrsúlu frænku. Beykiskógurinn var enn ber en brumið bar vott um að vorið væri í nánd. Á bak við húsið var stór og þéttur barrskógur. Þegar Þráinn reið inn í hann heyrði hann glaðlegan söng svartþrastar og bláklukkur lutu í gras undan hófum hestsins.

Vorið kemur miklu fyrr hér en hjá ömmu í Noregi, hugsaði hann. Gabríela tvíburasystir hans var sest að þar. Til þess hlaut að þurfa sterka ást að hans álit. Þótt Noregur væri stórkostlegt land kaus hann sjálfur ögn mildara loftslag.

Hann reið gegnum kræklottan, blandaðan skóg, ánægður með lífið en samt með óróa æskunnar í blóðinu. Kannski fengi hann ekki að upplifa neitt spennandi fyrr en um seinan, kannski um þrítugt. Þá væri maður eldgamall.

Skyndilega snarstansaði hann.

Eitthvað brúnt hafði skotist inn í kjarrið.

Dádýr? Eitthvað slíkt?

Þráinn hvatti hestinn og hóf eftirförina. Hann var bara forvitinn, vildi reyna eitthvað nýtt og hafði síst í hyggju að gera dýrinu illt.

Hvert hafði það farið? Það gat ekki verið langt undan. Hann stöðvaði hestinn og hlustaði.

Ekkert hljóð.

Þráinn hvessti augun og rýndi inn í kraðak af litlum

grenitrjám, berum runnum, hálfúnum, liggjandi stofnum og rótarhnyðjum...

–Þarna!

Hann sá einhverju brúnu bregða fyrir aftur. Það var ögn rauðleitt.

Þá renndi hann sér af baki og læddist nær.

Kjánaskapur, hugsaði hann. Hann hlaut að vera mjög áberandi á hestinum. Hann var í fjólubláum fötum og á ermum voru fellingar sem göptu svo skein í gult silki og hvíti blúndukraginn náði langt út á axlir. Hann var í mjúkum skinnstígvélum en auðvitað var ekki nokkur leið að leyna hestinum sem lét líka heyra í sér.

Þegar hann var alveg að verða kominn stökk *dýrið* upp með braki og brestum og hljóp.

Þráinn snarstansaði af undrun yfir því sem hann sá og dróst aftur úr.

Þetta var stúlka, klædd brúnni skikkju með hettu.

Hún hljóp léttfætt á undan honum inn í skóginn. Pilsin hennar kræktust í greinar svo Þráinn náði henni fljótlega. Hann fleygði sér á hana og hélt fast.

–Nei, nei! kveinaði hún. –Vertu svo vænn að sleppa mér!

Hún var óhrein og hárið einn flóki, fullur af kvistum og laufi og fötin voru rifin og snjáð. En andlitið var frítt og blá augun stöðu upp á hann í skelfingu.

–Hver ert þú, herra? spurði hún hissa. –Ertu einn af þeim?

Hann hélt henni enn niðri.

–Ég heiti Þráinn Paladin og er í heimsókn á herragarðinum hjá Úrsúlu Horn. Ég *held* að ég sé ekki einn af *þeim*. Hann hikaði... hún var augljóslega af lægri stigum en hann.

Hún æpti upp yfir sig og sleit sig loks lausa, mest af því Þráinn vildi ekki taka fast á henni. Hún stökk frá honum, dró upp pilsin og var fljótari en áður.

Nú var Þráinn orðinn forvitinn. Hann vildi vita meira um þessa hræddu, litlu stúlku.

Skógurinn var drýgri en hann hafði haldið og það flaug að honum að líklega yrði erfitt að finna hestinn aftur. Hann gafst þó ekki upp.

Hún heldur líklega að ég sé nauðgari, hugsaði hann. Honum fannst það bæði fyndið og móðgandi.

Loks virtist hún þreytast. Hún andvarpaði og seig saman í visið lafið.

Þráinn lyfti henni á fæturna en hún gat varla staðið.

–Ekki vera hrædd, sagði hann lágt. –Ég vil þér ekkert illt. Hvað heitirðu og af hverju felurðu þig?

Hún herti upp hugann. –Molly, sagði hún lafmóð. –Molly, herra minn. Ég er bara þjónustustúlka.

–Hverjir eru *þeir*?

Augu hennar hvörfluðu. –Engir, herra... bara menn sem... þú veist hvað þeir gera við stúlkur.

Þráinn brosti. –Já, en ég er ekki þannig. Má ég fylgja þér heim?

–Ég á hvergi heima, herra.

–Þú sagðist vera þjónustustúlka.

Stúlkan var hin laglegasta. Hann hafði aldrei séð neina henni líka. Augnahárin sveifluðust þegar hún deplaði augunum af ótta.

–Ekki lengur. Ég var rekin.

–Hvert ætlarðu þá?

–Að leita að vinnu í næstu sókn.

Þráinn tók upp pening. –Taktu þennan svo þú þurfir ekki að svelta.

Viðbrögðin komu honum á óvart. Augun skutu neistum og nasavængirnir þöndust sem snöggvast.

Svo tók hún við peningnum og hneigði sig.

–Takk, herra minn. Þetta er allt of mikið.

Hann langaði ekkert til að sleppa henni. –Molly... ef þú lendir í vandræðum komdu þá til mín. Ég verð á setri greifynjunnar í hálfan mánuð. Svo fer ég aftur til Sjálands og þá sjáumst við ekki framar. Ég er í hornherberginu gegnt kirkjunni. Lofarðu því?

Hún kinkaði kolli. –Ég lofa því.

–Getum við hist aftur?

Sem snöggvast brá fyrir ótta í augunum. –Helst ekki, herra. Takk fyrir almennilegheitin og...

Já?

Hún hikaði. –Ekki nefna við neinn að þú hafir hitt mig.

–Ég geri það ekki, sagði hann hissa.

Hún kvaddi og hraðaði sér inn í skóginn. Þráinn fann hestinn fyrir en hann hafði haldið og reið til baka í þungum þönkum.

Hann var úti á þekju það sem eftir var dags, stöðugt með Molly í huganum.

Þetta var viðbúið, hugsaði hann. Í minni ætt verðum við ástfangin niður fyrir okkur, pabbi, systir mín og afi, Dagur Meiden.

Líklega sé ég þessa stúlku ekki framar.

Mikið var hún falleg. Augun voru svo blíðleg.

Það var notalegt að snerta hana...

–Þráinn! Hvell rödd Úrsúlu frænku skar gegnum endurminninguna. –Gestirnir fara að koma. Hafðu fataskipti!

Hann flýtti sér í sparifötin, glæsibúning úr mosagrænu flaueli, bryddaðan með gylltu og hvíta silkiskyrtu með blúndukraga og ermálíningum. Hann varð að játa að hann leit vel út í speglinum. Svo fór hann niður á fund gestanna.

Það sem Úrsúla hafði meint með *nágrönnum* voru ekki beinlínis leiguliðar herragarðsins. Þetta voru bara húsbændur á næstu herragörðum og stórbýlum og það var ekki fjölmennt. En fínt var fólkið og auðvitað háaðallinn, hvað annað? Greifar,

barónar og niðjar hirðstjóra... helst þurfti titillinn að vera 300 ára.

Eins og flestar eldri konur vildi Úrsúla endilega koma ungum ættingjum sínum í hjónaband. Henni hafði ekkert litist á þegar Gabriela giftist þessum *Kaleb*. Það er bara af því þú hefur aldrei hitt hann, hafði Alexander sagt. Hann er ættlaus, fussaði Úrsúla. Ég vona að ég hitti hann aldrei. Þá svaraði bróðir hennar bara: *Honum verður hlíft við því*.

Nú hafði hún sínar áætlanir um Þráin. Þarna var ung, þýsk greifadóttir, ættuð frá Holstein eins og margt aðalsfólk á Jótlandi. Hún var í fylgd með foreldrum sínum og með breiðu brosi kynnti Úrsúla unga fólkið.

Stúlkan hét Stella og var alls ekki ólagleg, þvert á móti. Sviphrein og með ljóst, slétt hár og augabrúnir sem gerðu að verkum að hún virtist stöðugt hissa. Foreldrar hennar hétu Holzenstern og það fannst Þráni fyndið. Stella Holzenstern þýddi eiginlega *Stjarna Tréstjarna*. Varla höfðu þau hugsað út í það þegar hún var skírð. Þau brostu við Þráni og virtust jákvæð gagnvart því að fá hann fyrir tengdason. Úrsúla var lagin við að ýja að slíkum hlutum.

Þráinn nísti tönnum meðan hann spjallaði við fjölskylduna. Þá kom annar ungur maður og bjargaði honum. Þeir höfðu þegar verið kynntir með aðferð Úrsúlu: *Þetta er Dieter, sá sem ég hafði ætlað systur þinni en hún valdi námumann!*

–Þarna ertu, Þráinn, ég var að leita að þér. Afsakið, frænka, frændi og Stella, en ég þarf að fá hann lánaðan. Ég verð að vita meira um yfirmannaskólann, pabbi og mamma hóta að senda mig þangað.

–Viltu það ekki? spurði Holzenstern greifi og hló.

–Ég vil ekki yfirgefa Jótland á þessum fallega árstíma.

Þráinn sá ekkert fallegt við ber, grásvört tré og marssúldina. En hann var þakklátur fyrir ónæðið.

Dieter tók yfir axlir hans og beindi honum inn í aðra stofu. – Með þessum fallega árstíma meinti ég að ég á mér vinkonu hér. Það má þó enginn vita.

–Er Holzenstern–fólkið skylt þér?

–Bara nágrannar. Þau búa á Askinge og reyna að koma okkur Stellu saman. Ég hef þó áhuga á öðru. Þú ættir bara að vita...

Hann hló lágt. –En hvað um yfirmannaskólann? Er það ómaksins virði?

–Ég veit það ekki, svaraði Þráinn hikandi. –Það er hefð í ætt pabba svo ég á engra kosta vöð. Hins vegar hef ég villt blóð mömmu í æðum og vil ekki láta segja mér fyrir verkum.

–Segjum tveir. Villt blóð, sagðirðu? Það er spennandi.

–Já, hún er af ætt norska Ísfólksins og það fólk er magnað. Ég er þó af rólegu kvíslinni. Þú gætir alveg reynt við skólann...

Svo upphófust miklar umræður um það jákvæða og neikvæða í lífi yfirmanna í hernum.

Auðvitað hagaði Úrsúla því þannig að Þráinn og Stella sátu saman til borðs.

Erfitt var að greina einstakar raddir gegnum kliðinn við borðið. Þráinn reyndi að hafa ofan af fyrir borðdömu sinni en annaðhvort var hún feimin eða bara kjáni því hún virtist ekki ná skrýtlum hans. Honum fór að líða illa.

Samræðurnar í kring virtust heldur ekki merkilegar.

Úrsúla hrópaði til Holzenstern greifynju: –Leitt að systir þín hertogaynjan þurfti svo fljótt heim. Ég hlakkaði til að kynnast henni.

Snobbkerlingar, hugsaði Þráinn, sem líklega sór sig meira í ætt Ísfólksins en honum var ljóst. Að smjaðra svona fyrir titlum.

–Já, hún stansaði bara í viku, hrópaði greifynjan til baka.

Drukkinn majór þrumaði til Þráins: –Ert þú ekki Paladin, ungi maður?

–Jú, viðurkenndi Þráinn.